

Nr. 2/1994.

Priðjudaginn 31. maí 1994.
Alþýðusamband Íslands
f.h. Flugvirkjafélags Íslands
vegna Finns Björnssonar

(Bjarki H. Diego hdl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands**f.h. Flugleiða h/f**

(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)

Kjarasamningur. Hámarksaldur. Uppsögn úr starfi. Skaðbætur.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Gylfi Knudsen, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensás-vegi 16A, Reykjavík, f.h. Flugvirkjafélags Íslands, kt. 550169-0109, Borgartúni 22, Reykjavík, vegna Finns Björnssonar, kt. 140725-3319, Bjarmalandi 10, Reykjavík.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, f.h. Flugleiða h/f, kt. 601273-0129, Reykjavíkurflogvelli, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að stefnanda hafi, skv. 5. gr. kjarasamnings milli Flugvirkjafélags Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf. hins vegar, frá 11. sept. 1990 (þjóðarsátt), borið 6 mánaða uppsagnarfrestur þá er honum var sagt upp störfum með bréfi dags. 26. júní 1992, og að áðurgreind uppsögn Flugleiða hf. hafi brotið í bága við greinda 5. gr. kjarasamningsins.

Að stefndi, Flugleiðir hf., verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.259.841,- með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 af kr. 114.531 frá 14.8. 1992 til 28. 8. 1992, en af kr. 229.062 frá þeim degi til 11. 9. 1992, en af kr. 343.593 frá þeim degi til 25. 9. 1992, en af kr. 458.124 frá þeim degi til 9. 10. 1992, en af kr. 572.655 frá þeim degi til 23. 10. 1992, en af kr. 687.186 frá þeim degi til 6. 11. 1992, en af kr. 801.717 frá þeim degi til 20. 11. 1992, en af kr. 916.248 frá þeim degi til 4. 12. 1992, en af kr. 1.030.779 frá þeim degi til 18.

12. 1992, en af kr. 1.145.310 frá þeim degi til 31. 12. 1992, en af kr. 1.259.841 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. mati dómsins, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara að bótakrafa stefnanda verði lækkuð verulega. Að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Mál þetta var þingfest hinn 1. mars sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 20. maí sl.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

1. Stefnandi kveður málavexti vera þá að hann hafi starfað hjá Flugleiðum hf. sem flugvirki um árabíl. Með bréfi dags. 26. júní 1992, hafi honum verið sagt upp störfum hjá félaginu frá og með 31. júlí 1992, eða með rúmlega mánaðar fyrirvara. Í nefndu bréfi hafi verið vísað til þess að hámarksaldur flugvirkja í starfi hjá félaginu miðaðist við 67 ára aldur, en stefnandi hafi orðið 67 ára þann 14. júlí 1992.

Samkvæmt 5. gr. kjarasamnings milli Flugvirkjafélags Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf. hins vegar (svokallaðs „þjóðarsáttarsamnings“), frá 11. sept. 1990, sé uppsagnarfrestur flugvirkja sem orðnir séu 63 ára og starfað hafa í a.m.k. 10 ár hjá Flugleiðum hf. 6 mánuðir.

Telur stefnandi því, með vísan til áðurgreinds kjarasamningsákvæðis, að hann eigi ótvíræðan og skilyrðislausan rétt til 6 mánaða uppsagnarfrests, enda hafi hann starfað sem flugvirki hjá Flugleiðum hf. í meira en 10 ár og sé orðinn 63 ára, þá er honum var sagt upp störfum.

Þannig telur stefnandi að áðurgreind uppsögn Flugleiða hf. þar sem einungis hafi verið um að ræða rúmlega mánaðar uppsagnarfrest, sé brot á 5. gr. fyrrgreinds kjarasamnings, þar sem skýrlega sé kveðið á um það að stefnandi eigi rétt á 6 mánaða uppsagnarfresti.

Telur stefnandi að þrátt fyrir að starfsaldurslok hafi verið fyrirhuguð af hálfu Flugleiða hf. hafi þurft að tilkynna uppsögn með þeim fyrirvara sem 5. gr. áðurgreinds samnings geri ráð fyrir, enda hafi við samningu greinds kjarasamningsákvæðis fyrst og fremst verið fjallað um uppsagnarfrest vegna starfsloka.

Með vísan til ofangreinds mótmælir stefnandi þeim skilningi

Flugleiða hf., sem fram kemur í framlögðu bréfi félagsins til lögmanns stefnanda um að fyrirhuguð starfsaldurslok leiði til þess að rétt sé að víkja frá skýrum ákvæðum áðurgreinds kjarasamnings, enda komi ekkert fram um það, hvorki í samningum né lögum, að flugvirkjar skuli láta af störfum við 67 ára aldur, heldur virðist sem einungis sé um að ræða e.k. „innanhússreglu“ hjá Flugleiðum hf. Verði ekki talið að slík einhliða hámarksaldursviðmiðun Flugleiða hf. breyti nokkru varðandi skýran samningsbundinn uppsagnarfrest starfsmanna félagsins.

2. Stefnandi kveður fjárhæð skaðabótakröfu sinnar miðast við full laun í uppsagnarfresti. Við útreikning þessa séu lagðir til grundvallar tveir síðustu launaseðlar stefnanda, en hann kveðst hafa fengið útborguð laun hjá Flugleiðum h/f hálfmánaðarlega. Samkvæmt áðurgreindum launaseðlum, sem lagðir séu fram í málinu, hafi stefnandi haft í laun fyrir síðasta mánuðinn sem hann hafi unnið hjá Flugleiðum hf., kr. 118.710,- fyrir tímabilið 3.–17. júlí 1992 og kr. 110.352,- fyrir tímabilið 17.–31. júlí 1992, eða kr. 114.531,- að jafnaði, og sé sú fjárhæð lögð til grundvallar þegar reiknaðar séu skaðabætur vegna hinnar ólögmætu uppsagnar.

Stefnandi kveður að samkvæmt framansögðu hafi honum verið sagt upp störfum með rúmlega mánaðar uppsagnarfresti, þegar Flugleiðum hafi í raun borið að segja honum upp með 6 mánaða uppsagnarfresti. Með hliðsjón af því hafi hann átt rétt til launa hálfmánaðarlega fyrir tímabilið 1. júlí 1992–1. janúar 1993, þegar ráðningarslitin hafi með réttu átt að taka gildi, eða í alls 13 skipti, en stefnandi kveður að hann hafi einungis fengið greidd laun til 31. júlí 1993. Telur stefnandi sig því hafa átt rétt til launagreiðslna hálfmánaðarlega fyrir tímabilið 1. ágúst 1992–1. janúar 1993, eða samtals í 11 skipti. Nemi dómkrafa stefnanda í máli þessu því samtals kr. 1.259.841,- (11 x 114.531).

Máli sínu til stuðnings vísar stefnandi til 5. gr. kjarasamnings milli Flugvirkjafélags Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf. hins vegar (þjóðarsáttar), en samkvæmt afdráttarlausu orðalagi ákvæðisins hafi stefnandi átt rétt á 6 mánaða uppsagnarfresti.

Skaðabótakröfu sína styður stefnandi við almennar reglur um skaðabætur vegna ólögmætrar uppsagnar og reglur um laun í uppsagnarfresti.

Um heimild til þess að krefjast skaðabóta fyrir Félagsdómi vísar stefnandi til 65. gr. laga nr. 80/1938.

Dráttarvaxtakröfu byggir stefnandi á III. kafla laga nr. 25/1987, en kröfu um málskostnað á 130. gr. l. nr. 91/1991.

Krafa um virðisaukaskatt af málskostnaði er byggð á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsynlegt að fá skattinn dæmdan úr hendi stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málsatvik að haustið 1989 hafi Flugleiðir hf. sett nýjar reglur um starfslok stjórnenda og tækni-manna, þ.á.m. flugvirkja félagsins, sem miðast við að þeir láti af störfum við 67 ára aldur. Við endurnýjun flugflota félagsins sem hófst vorið 1989 hafi orðið veruleg fækkun flugvirkja hjá félaginu. Flugvélstjórar sem verið höfðu í áhöfn á eldri gerðum flugvéla hafi átt samkvæmt kjarasamningi stefnanda forgangsrétt til starfa sem flugvirkjar. Samstaða hafi því orðið með aðilum að leitast við að draga úr uppsögnum yngri flugvirkja. Hafi lækkun hámarksaldurs flugvirkja verið eitt af þeim ráðum sem beitt hafi verið af hálfu Flugleiða hf. Sú aðgerð hafi verið rædd á fundum með stefnanda FVFÍ án þess að nokkrum mótmælum væri hreyft, en samsvarandi hafði áður gilt um starfslok flugvélstjóra. Ákvörðun Flugleiða hf. hafi jafnframt verið kynnt starfsmönnum í nóvember 1989 með tilkynningu í Flugleiðafréttum, blaði starfsmanna, sem Flugleiðir hf. hafi sent öllum starfsmönnum, þ. á m. stefnanda. Einnig hafi verið fjallað um fyrrgreinda starfslokareglu í Fréttabréfi stefnanda FVFÍ í desember 1991. Í samræmi við þetta hafi þeir flugvirkjar, sem náðu 67 ára aldri, látið af störfum um næstu mánaðarmót þar á eftir. Með bréfi dags. 28. október 1991 var stefnanda boðin þátttaka í námskeiði um verklok og væntingar sem ætlað sé starfsfólki, sem er að láta af störfum vegna aldurs. Sama bréf hafi einnig verið sent öðrum flugvirkja sem einnig nálgæðist starfslok og hafi hann nýtt sér námskeiðsboðið. Þar sem stefnandi hafi orðið 67 ára í lok júlí 1992 hafi starfslok hans orðið í lok þess mánaðar, sbr. framlagða tilkynningu Flugleiða hf. þar um.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að sömu formkröfur verði ekki lagðar til grundvallar við starfslok vegna aldurs og gilda við uppsögn úr starfi. Stefnandi hafi vitað með a.m.k. tveggja ára fyrirvara að samkvæmt reglum Flugleiða h/f skyldi hann láta af starfi við

67 ára aldur. Uppsagnarfræstur sé aftur á móti ætlaður til að gefa starfsmönnum umþóttunartíma til að leita að nýju starfi og jafnframt að tryggja að þeir fái tímanlega vitneskju um þá breytingu sem í vændum sé. Þar sem eldri starfsmönnum reynist oft erfiðara en þeim sem yngri eru að fá annað starf hafi verið samið um lengingu á uppsagnarfresti þeirra í kjarasamningum ASÍ og VSÍ þann 1. febrúar 1990. Fyrirsögn samningsgreinarinnar endurspeglir þennan tilgang hennar. Þetta ákvæði hafi síðan verið tekið upp óbreytt í 5. gr. kjarasamnings aðila frá 11. september það ár. Sé því eindregið mótmælt að ákvæðinu hafi verið ætlað að gilda um starfslok vegna aldurs enda ekki tilgangur samningsaðila að breyta eldri framkvæmd hvað það varði. Í tilvikum sem þessu, þegar menn viti með áralöngum fyrirvara að starfslok verði við ákveðinn aldur, eigi fyrrgreint ákvæði ekki við. Reyndin sé líka sú að starfsmönnum sé sjaldnast sagt upp starfi með formlegum hætti í slíkum tilvikum. Uppsagnarreglum 5. gr. áðurgreinds samnings aðila verði því ekki beitt um starfslok stefnanda hjá Flugleiðum hf.

Þá er í öðru lagi á því byggt af hálfu stefnda að tilkynningar-skyldu hans sé fullnægt með bréfinu, þar sem stefnda er tilkynnt um starfslok.

Að því er varðar skaðabótakröfu stefnanda er einnig á því byggt að hann hafi ekki boðið fram vinnuframlag sitt þann tíma sem bóta er krafist vegna og tekið við lokauppgjöri án athugasemda.

Varakrafa stefnanda er byggð á því að laun stefnanda fyrir viku 27-30 verði ekki lögð til grundvallar útreikningi bótafjárhæðar. Föst laun stefnanda hafi numið kr. 125.510,- á mánuði. Stefnandi hafi ekki átt samningsbundinn rétt til yfirvinnu og engin sönnun sé fyrir hendi um að honum hefði verið falin yfirvinna ef ekki hefði komið til starfsloka. Bílagreiðslur séu kostnaðarliður sem ætlað sé að mæta kostnaði stefnanda af að koma sér til vinnu. Er því mótmælt að stefnandi hafi átt rétt til launa í heil 11 launatímabil.

Um málskostnað er vísað til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Í máli þessu reynir á ákvæði 5. gr. kjarasamnings milli Flugvirkja-félags Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf. hins vegar. Ákvæði þetta, sem ber yfirskriftina „Starfslok“, hljóðar svo: „Sé flugvirkja sagt upp, eftir a.m.k. 10 ára

samfelld starf hjá félaginu, er uppsagnarfrestur 4 mánuðir ef flugvirki er orðinn 55 ára, 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára og 6 mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára. Flugvirki getur hins vegar sagt upp starfi sínu með 3 mánaða fyrirvara.“

Ágreiningslaust er að stefnandi hafði áunnið sér 6 mánaða uppsagnarfrest samkvæmt samningsákvæði þessu.

Fyrir liggur að viðmiðunarregla Flugleiða hf. um að starfslok flugvirkja verði við 67 ára aldur var tekin upp og kynnt af hálfu félagsins seint á árinu 1989. Þar sem sú regla er hvorki bundin í lögum né kjarasamningi aðila getur hún eigi vikið til hliðar ótvíræðu ákvæði 5. gr. kjarasamnings aðila um 6 mánaða uppsagnarfrest, sem stefnanda bar samkvæmt framansögðu, enda var stefnda í lófa lagið að beita greindri viðmiðunarreglu án þess að víkja frá uppsagnarákvæði kjarasamningsins. Ber því að fallast á það með stefnanda að honum hafi borið 6 mánaða uppsagnarfrestur, í samræmi við tilgreint kjarasamningsákvæði, þá er honum var tilkynnt um starfslok með bréfi stefnda dags. 26. júní 1992, og að tilkynning með svo skömmum fyrirvara hafi brotið í bága við framangreint ákvæði kjarasamnings aðila.

Varðandi bótafjárhæð ber að leggja til grundvallar dagvinnulaun stefnanda fyrir 11 launatímabil, kr. 62.755,- fyrir hvert tímabil, en ekki er fallist á kröfu hans um yfirvinnu, sem hann átti ekki samningsbundinn rétt til og ekki er nægilega í ljós leitt að til hefði komið á því tímabili, sem hér um ræðir. Þá verður ekki heldur á það fallist að honum beri, eins og hér stendur á, réttur til bílagreiðslu, sem er útlagður kostnaður við að komast á vinnustað. Frá bótakröfu stefnanda ber að draga atvinnuleysisbætur að fjárhæð kr. 119.877,-. Samkvæmt framansögðu verður bótakrafa stefnanda tekin til greina með kr. 570.428,- (62.755 x 11-119.877) og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1993 til greiðsludags.

Dæma ber stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.000,-. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefnanda, Finni Björnssyni, bar samkvæmt 5. gr. kjarasamnings milli Flugvirkjafélags Íslands annars vegar og Vinnu-

veitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf. hins vegar frá 11. sept. 1990 6 mánaða uppsagnarfrestur þá er honum var tilkynnt um starfslok með bréfi stefnda dags. 26. júní 1992, og braut sú tilkynning í bága við framangreint ákvæði kjarasamnings aðila.

Stefndi, Flugleiðir hf., greiði stefnanda, Finni Björnssyni, kr. 570.428,- með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalagala nr. 25/1987 frá 1. janúar 1993 til greiðsludags og kr. 100.000,- í málskostnað.
